FRÉTTABLAÐIÐ

214. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER 2020

Sjórinn var óvenju hlýr í gær að mati sjósundfólks í Nauthólsvík í gær. Sjósund nýtur sívaxandi vinsælda. Þó að kalt hafi verið úti og napur vindur þá var talsvert af fólki í sjónum. Þessi vaski sundmaður var í hópi sem var á leið inn að ylströndinni, til að komast þangað þarf að synda yfir steina og þara, það lét hann ekkert á sig fá og var örsnöggur í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gætu liðkað fyrir ferðalögum

Evrópusambandið skoðar að koma á fót samræmdu kerfi til að auðvelda ferðalög í heimsfaraldrinum. Dómsmálaráðherra útilokar ekki að kerfið leiði til breytinga á fyrirkomulagi landamæraskimana.

COVID-19 Evrópusambandið hefur til skoðunar að koma á fót samræmdu kerfi til að auðvelda frjálsa för ferðamanna innan ESB og EES-svæðisins. Þjóðverjar fara nú með forsæti í ráðherraráði Evrópusambandsins og hafa lagt til litakóða fyrir frjálsa för milli landa ESB og EES á meðan á heimsfaraldri COVID-19 stendur. Grænt land miðast við færri en 25 tilfelli á hverja 100 þúsund íbúa 14 daga á undan. Rauð lönd væru þar sem fleiri en 50 tilfelli hefðu greinst á hverja 100 þúsund íbúa 14 daga á undan.

Óvíst er hvort eða þá hvenær kerfið taki gildi.

> **Við höfum farið þá leið að skima á landamærum og myndum vilja halda því áfram í einhverri mynd þar sem við höfum getuna til þess.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra

Ísland sendi frá sér athugasemdir til sambandsins vegna málsins í gær. „Við höfum farið þá leið að skima á landamærum og myndum vilja halda því áfram í einhverri mynd þar sem við höfum getuna til þess," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra. „Við munum svo sjá hver lokaniðurstaða Evrópusambandsins verður í þessu til að koma á samræmingu á umferð á innri landamærunum."

Tilgangurinn með tillögum ESB er að einfalda og samræma reglur milli landa. Reglurnar yrðu ekki bindandi og myndu ekki ná til vörubílstjóra, sjófarenda eða annarra sem ferðast vegna starfa sinna.

Íslenska ríkisstjórnin hefur þegar gefið út að fyrirkomulag skimana vegna COVID-19 á landamærum verði óbreytt til 1. desember næstkomandi, nema að tilefni gefist til endurskoðunar fyrr. Áslaug Arna útilokar ekki að fyrirkomulaginu verði breytt ef tillögur Þjóðverja ná fram að ganga. Ljóst sé að í áframhaldandi baráttu við veiruna verði að taka mið af meðalhófi hverju sinni og mikilvægt sé að endurskoða ákvarðanir mjög reglulega.

„Það er mikilvægt að til framtíðar sé frjáls för fólks innan svæðisins tryggð, eins og verið hefur." – ab

Óánægju gætir á Seltjarnarnesi

SELTJARNARNES Meirihluti Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi myndi falla í fyrsta skiptið á lýðveldistímanum ef gengið væri til kosninga í dag samkvæmt nýrri könnun. 41 prósent myndi kjósa flokkinn en aðeins 26 prósent eru ánægð með stjórnun bæjarins og sama hlutfall treystir bæjarstjóranum Ásgerði Halldórsdóttur.

„Það er greinilegt að hluti Sjálfstæðismanna er óánægður," segir Þóra Ásgeirsdóttir hjá Maskínu sem framkvæmdi könnunina fyrir Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi. Alls treysta 44 prósent bæjarbúa bæjarstjóranum illa og 42,5 prósent eru óánægð með stjórnun bæjarins. Flestir nefna fjármálin sem mikilvægasta þáttinn en hallarekstur bæjarins hefur mikið verið til umræðu að undanförnu. – khg / sjá síðu 6

Vertu klár í veturinn

Volkswagen T6.1

Sendibílar, pallbílar, smáir vinnubílar og stórir

Atvinnubílar

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · www.hekla.is/volkswagensalur

Veður



Breytileg og síðar suðlæg átt, 3-10 m/s með morgninum og víða rigning, en rofar smám saman til seinni partinn. Hiti 3 til 10 stig.
SJÁ SÍÐU 12

Aðstandendur Tryggva Rúnars glöddust þegar sýknudómur var kveðinn upp í Hæstarétti árið 2018.

Dómstólar læri af mistökunum

GEIRFINNSMÁL „Þegar við Íslendingar hugsum um traust til dómstóla er þetta án efa fyrsta málið sem kemur upp í huga allra Íslendinga," sagði Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Tryggva Rúnars Leifssonar, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem aðalmeðferð í bótamálum hans og Kristjáns Viðars Júlíussonar gegn íslenska ríkinu fór fram.

Páll Rúnar sagði yfirstandandi málaferli, um bætur til þeirra sem ranglega voru dæmdir, mikilvægan hlekk í sögu Guðmundar- og Geirfinnsmála.

»» Kristján Viðar sat 682 daga í einangrun. Tryggvi Rúnar sat í einangrun í 627 daga. Þeir voru dæmdir sekir en sýknaðir 2018.

„Traust til dómstóla byggir ekki á því að dómstólar geri aldrei mistök heldur byggir það á því að þegar dómstólar gera mistök horfist þeir í augu við mistök sín, læri af þeim og leiðrétti þann skaða sem mistökin hafa valdið," sagði Páll Rúnar.

Málflutningurinn var um margt litaður af því að mál Guðjóns Skarphéðinssonar hefur þegar verið flutt og dæmt en ríkið var sýknað af hans kröfu um frekari bætur með vísan til meðal annars fyrningar og eigin sakar.

Niðurstöðu í málunum er að vænta innan nokkurra vikna. **– aá**

Busapeysur keyrðar heim að dyrum

Nýnemar í Borgarholtsskóla voru boðnir velkomnir í skólann með rauðri peysu með merki skólans þrátt fyrir að skólahald liggi niðri vegna heimsfaraldursins. Sérfræðingar hafa viðrað áhyggjur af nýnemum þar sem það getur verið erfitt að kynnast samnemendum. Þeir Kristófer Páll Sigurðsson og Sólon Björn Hannesson óku um borgina í gær vopnaðir grímum og færðu nýnemum peysur heim að dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sex milljarðar í ný störf hjá OR

ATVINNA „Við ákváðum að leggja okkar að mörkum við þessar vondu aðstæður í samfélaginu og flýtum verkefnum," segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, en ný fjárhagsspá OR var samþykkt fyrir helgi og kynnt í gær. Orkuveitan ætlar að eyða um sex milljörðum í svokölluð viðspyrnuverkefni sem þurfa mikinn mannafla og eru verkefni sem skapa atvinnu víðs vegar. Á þessu ári eru tveir milljarðar settir í þessi verkefni og fjórir á því næsta.

Fyrirtækið hyggst verja 108 milljörðum í viðhald og nýjar fjárfestingar en stærsti hlutinn fer í veitukerfi eða 69 milljarðar.

Um 200 störf eiga að verða til vegna viðspyrnufjárfestingaverkefnisins en stærstu einstöku fjárfestingaverkefnin eru meðal annars endurnýjun á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarness, innleiðing stafrænna mæla, endurnýjun stofnlagna vatnsveitu og bygging skólpdælustöðvar í Naustavogi. **– bb**

Standa sameinuð og sóttvarin í Eskihlíð

Húsfélagið í Eskihlíð 10 kaupir hreinsiefnin og íbúarnir skiptast á um að sótthreinsa snertifleti í sameign daglega. Formaðurinn segir auðvelt að sameinast um verkefnið sem kalli ekki á mikla vinnu en geti reynst mjög áhrifaríkt.

COVID-19 „Engan munar um að gera þetta á átta til níu daga fresti, en við trúum því að þetta snarminnki líkurnar á smiti," segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og formaður húsfélagsins í Eskihlíð 10 og 10a þar sem íbúarnir skipta með sér daglegum sóttvörnum á sameigninni.

„Fólki finnst sjálfsagt og eðlilegt að taka höndum saman um svona verkefni sem kallar í raun ekki á neina teljandi vinnu en getur reynst mjög áhrifaríkt," segir Stefán og veltir fyrir sér hvort þessi myndlíking sé yfirleitt nothæf á tímum kórónaveirunnar.

„Þetta er fjögurra hæða blokk og lyftulaus svo allir arka um sömu stigagangana. Þar voru augljóslega margir sameiginlegir snertifletir," segir Stefán og bætir við að skömmu eftir að fyrsta bylgja faraldursins reis hafi fólkið í blokkinni farið að ræða saman.

„Þá voru margir komnir í þá stöðu að vinna að heiman, aðrir í sjálfskipaðri sóttkví vegna aldurs, undirliggjandi sjúkdóma eða annars og einhver spurði hvort húsfélagið gæti ekki keypt gerileyði til að þau sem vildu gætu sprittað í sameigninni."

Stefán segir að þegar í stað hafi verið ákveðið að ganga skrefinu lengra. „Dögunum var skipt niður á íbúðirnar þannig að hver fékk sinn dag og þannig farið með sprautu og afþurrkunarklút á hverjum degi á handriðið á ganginum, ljósarofa, lokin fyrir ruslarennunni, hurðarhúna í sameign og dyrabjöllurnar í anddyrinu. Alla þessa augljósu snertifleti."

Hann segir einnig að þessu hafi að mestu verið hætt þegar allt datt í dúnalogn í sumar. „En fyrir svona mánuði eða þar um bil þá byrjuðum við aftur að prenta út dagatalið og fylltum á brúsann," segir húsfélagsformaðurinn.

„Af hverju gera þetta ekki allir?" spyr Stefán Pálsson sem fer fyrir húsfélaginu sem splæsir í sprittið fyrir sameignina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

»» Lykilatriðið er að hafa alla með, ekki láta ábyrgðina lenda á einum til tveimur sótthræddum í stigaganginum á meðan hinir vaða um allt með skítugar og úthnerraðar krumlurnar.

Stefán Pálsson

„Ég skal játa að þetta er fyrirkomulag sem mér sjálfum hefði aldrei dottið í hug en um leið og við byrjuðum hugsaði maður: Já, auðvitað! Af hverju gera þetta ekki allir?" spyr Stefán sem þó er meðvitaður um að þau í Eskihlíðinni hafi ekki fundið upp sóttvarnahjólið.

„En við vitum af fólki sem hefur heyrt af þessari tilhögun og tekið upp í sínum húsum. Lykilatriðið er að hafa alla með, ekki láta ábyrgðina lenda á einum til tveimur sótthræddum í stigaganginum á meðan hinir vaða um allt með skítugar og úthnerraðar krumlurnar.

Það taka allir þátt en ég geri mér líka grein fyrir því að það er örugglega auðveldara fyrir okkur en marga aðra að taka svona upp vegna þess að samkenndin í húsinu er mikil." **toti@frettabladid.is**

Áfram opið þó dyrunum sé lokað

Í ljósi aðstæðna hefur dyrum á útibúum bankans á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi verið lokað en tekið verður á móti viðskiptavinum sem bóka sér tíma.

Hægt er að bóka tíma á vef Íslandsbanka en auk þess bendum við viðskiptavinum á að hægt er að nýta sér netspjall bankans eða hafa samband í 440-4000. Forsvarsmönnum fyrirtækja er bent á að hafa beint samband við sína tengiliði innan bankans.

Í Íslandsbankaappinu er hægt að sinna öllum helstu bankaviðskiptum eins og að greiða reikninga, millifæra, sækja um lán, dreifa greiðslum og sækja PIN-númer. Í netbanka er einnig hægt að greiða inn á lán.

Við biðjumst velvirðingar á óþægindunum sem þetta kann að valda í þessu sameiginlega verkefni okkar allra.

Islandsbanki.is

Borgin og ríkið sjái sameiginlega um rekstur neyslurýmis

REYKJAVÍK Meirihluti borgarstjórnar mun í dag leggja fram tillögu þess efnis að velferðarsviði Reykjavíkur verði falið að ganga til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlegan rekstur á neyslurými í borginni.

„Þetta er fyrst og fremst skaðaminnkandi aðgerð þar sem boðið er upp á hreinan stað þar sem þú getur fengið ráðgjöf, nálar og í rauninni það sem þú þarf til þess að skaðinn af því að nota fíkniefni í æð sé sem allra minnstur," segir Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs.

Heiða Björg Hilmarsdóttir, borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs

Frumvarp um neyslurými var samþykkt á Alþingi í maí og felur í sér að Embætti landlæknis geti veitt sveitarfélögum heimild til að stofna og reka neyslurými. Heiða Björg segir að með tillögunni, sem lögð verður fram á fundi borgarstjórnar í dag klukkan 14, sé meirihlutinn að taka fyrsta skrefið í því að neyslurými verði að veruleika hér á landi.

„Við höfum náð sátt um þetta í meirihlutanum en það verður áhugavert að sjá hvernig minnihlutinn bregst við. Eitthvert sveitarfélag þarf að taka af skarið og okkur finnst bara eðlilegt að það séum við," segir Heiða.

Verði tillagan samþykkt verður í framhaldinu óskað eftir viðræðum við ráðuneytið. **– bdj**

Nýr meðferðarkjarni verður um 70 þúsund fermetrar að stærð.

Eykt hreppti milljarða króna uppsteypuverk

LANDSPÍTALINN „Fjárlagafrumvarpið boðar aukinn kraft í Hringbrautarverkefnið og er ég ekki í vafa um að Alþingi mun styðja verkefnið áfram af fullum þunga," segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH ohf., Nýs Landspítala, í tilkynningu þegar kynnt var að Eykt hefði orðið fyrir valinu í útboði á uppsteypu meðferðarkjarna NLSH.

Tilboð Eyktar er 8,68 milljarðar króna, um 82 prósent af kostnaðaráætlun sem er 10,5 milljarðar króna án virðisaukaskatts. Nýr meðferðarkjarni verður um 70.000 fermetrar að stærð. Áætlanir gera ráð fyrir að uppsteypan hefjist í nóvember. **– bb**

Óttast neikvæð áhrif á Ástjörn

UMHVERFISMÁL Kanna þarf betur áhrif af fyrirhuguðu knattspyrnuhúsi Hauka í Hafnarfirði að mati heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Óskað var umsagnar nefndarinnar vegna umhverfisskýrslu sem gera varð vegna deiliskipulagsbreytinga við Ásvelli. „Heilbrigðisnefnd telur að umhverfisskýrsla vegna breytinga á deiliskipulagi Ásvalla svari ekki þeim áleitnu spurningum sem vakna um áhrif háreists knattspyrnuhúss á vatnabúskap Ástjarnar eða lífríki hennar," svarar nefndin og minnir á að Ástjörn sé friðlýst svæði á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar og sé hluti fólkvangs Ásfjalls og Ástjarnar. „Undirbyggja þarf vandlega allar ákvarðanir og framkvæmdir sem hugsanlega geta valdið þar röskun." **– gar**

Hertar samkomutakmarkanir vegna kórónaveirufaraldurs

Frá og með deginum í gær tóku gildi hertar takmarkanir á samkomum hér á landi vegna kórónaveirufaraldursins. Mega nú einungis tuttugu manns koma saman og hefur neyðarstigi almannavarna verið lýst yfir. Skemmtistaðir, krár og líkamsræktarstöðvar eru lokaðar og eins metra reglan er áfram enn í gildi.

COVID-19 Hertar samkomutakmarkanir vegna kórónaveirufaraldursins tóku gildi hér á landi í gær og miðast fjöldi þeirra einstaklinga sem koma mega saman nú við tuttugu fullorðna. Þá hefur neyðarstigi almannavarna verið lýst yfir í samráði við sóttvarnalækni. Virkjun neyðarstigs hefur ekki teljandi áhrif á almenning umfram hættustig sem varað hefur frá 25. maí. Stjórnvöld og viðbragðsaðilar hafa undanfarið unnið að miklu leyti líkt og um neyðarstig væri að ræða.

Í gær voru 670 manns í einangrun með virkt COVID-19 smit hér á landi og fimmtán lágu á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins, þar af þrír í öndunarvél á gjörgæslu. Tæplega 4.300 manns voru í sóttkví, 2.391 í almennri sóttkví og 1.881 í skimunarsóttkví. Sólarhringinn á undan greindust 59 einstaklingar með COVID-19 og var rúmur helmingur þeirra í sóttkví við greiningu.

Landspítali er nú á hættustigi vegna faraldursins en á spítalanum eru 677 sjúklingar í eftirliti COVID-19 göngudeildar, 58 starfsmenn í sóttkví og 40 starfsmenn í einangrun. Nýgengi innanlandssmits, það er fjöldi smitaðra síðustu fjórtán daga á hverja 100 þúsund íbúa, jókst milli daga og mældist í gær 156,3.

Þær hertu samkomutakmarkanir sem tóku gildi í gær fela í sér lokun kráa, skemmtistaða og spilasala. Aðrir veitingastaðir, þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar, mega ekki hafa opið lengur en til ellefu á kvöldin alla daga vikunnar og eiga að fylgja gildandi fjöldatakmörkun og nándarreglu. Líkamsræktarstöðvar eiga að vera lokaðar almenningi en sundlaugar verða áfram opnar með þrengri fjöldatakmörkunum, einungis helmingi leyfilegs fjölda samkvæmt starfsleyfi. Ekki er gert ráð fyrir áhorfendum á íþróttaviðburðum sem fara fram innandyra og grímuskylda hefur verið tekin upp í strætó.

Fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn fædd 2005 eða síðar og ekki verða gerðar breytingar á starfsemi leik- og grunnskóla. Eins metra reglan verður áfram í gildi og grímuskylda þar sem ekki er hægt að tryggja eins metra fjarlægð á milli fólks. Starfsfólk á leikskólum og grunnskólum skal gæta eins metra nándarreglu þegar andlitsgrímur eru ekki notaðar. Þá er fólk hvatt til þess að huga að sóttvörnum. **birnadrofn@frettabladid.is**



Fram kom á fundi almannavarna í gær að um 670 manns séu með virkt smit í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjöldatakmarkanir:

- 20 manna almenn fjöldatakmörkun.
- 30 manna hópar í framhalds- og háskólum.
- 50 manna hámark í útförum.
- 50 manna hámark í keppnisíþróttum með snertingu.
- 100 manna hámark í tilteknum verslunum.
- 100 manna hólf og grímuskylda í leikhúsum.
- 100 manna rými fyrir áhorfendur á íþróttaleikjum utandyra.

Undantekningar:

- Störf Alþingis eru undanskilin fjöldatakmörkunum.
- Dómstólar þegar þeir fara með dómsvald sitt.
- Viðbragðsaðilar, s.s. lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og heilbrigðisstarfsfólk er undanþegið fjöldatakmörkunum við störf sín.
- Strætisvagnar eru undanskildir reglunni um 20 manna hámarksfjölda en grímuskylda er í gildi.
- Börn fædd 2005 eða síðar.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

STILLANLEG RÚM

20–35% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Telja aðgerðirnar gegn COVID-19 valda skaða á lýðheilsu

COVID-19 Á þriðja tug fræðimanna í læknavísindum og líffræði komu saman í bænum Great Barrington í Massachusettsfylki í Bandaríkjunum og skrifuðu undir yfirlýsingu um aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19. Telja þeir aðgerðirnar ganga of langt.

„Skólar og háskólar ættu að vera opnir fyrir staðarnám. Tómstundir og íþróttir ættu að halda áfram. Ungt fólk sem ekki er í áhættuhópum ætti ekki að vinna í fjarvinnu. Veitingastaðir og verslanir ættu að vera opin. Listir, tónlist, íþróttir og önnur menningarstarfsemi ætti að halda áfram," segir í yfirlýsingunni.

Meðal þeirra sem skrifa undir eru prófessorar í faraldsfræði við Harvard-, Oxford- og Stanfordháskóla. Einnig Michael Levitt sem fékk Nóbelsverðlaun árið 2013.

> **Það miskunnsamasta sem við getum gert er að leyfa þeim sem eru í minni hættu að lifa sínu lífi og byggja upp ónæmi en verja þá sem eru í hættu.**
>
> Úr yfirlýsingunni í Great Barrington

Hafa fræðimennirnir bæði áhyggjur af líkamlegum og andlegum áhrifum aðgerðanna sem mörg ríki hafa gripið til. Lýsi þetta sér meðal annars í minni bólusetningum gegn öðrum sjúkdómum, færri krabbameinsskimunum, meiri hjarta- og æðakerfisvandamálum og versnandi andlegri heilsu. Muni þetta leiða til hærri dánartíðni þegar fram líði stundir.

Segjast þeir sannfærðir um að veiran verði ekki stöðvuð og að hjarðónæmi muni á endanum nást. „Við vitum að hinir öldnu og fötluðu eru þúsund sinnum líklegri til að látast af völdum COVID-19," segir í yfirlýsingunni. „Það miskunnsamasta sem við getum gert er að leyfa þeim sem eru í minni hættu að lifa sínu lífi og byggja upp ónæmi en verja þá sem eru í hættu." **– khg**

Stuðningsmenn Trumps fjölmenntu fyrir utan sjúkrahúsið. MYND/EPA

Upplausn innan kosningateymis Trumps forseta

BANDARÍKIN Fjölmargir úr kosningateymi Bandaríkjaforsetans Donalds Trump hafa smitast af COVID-19 og er upplausn sögð ríkja innan herbúðanna. Meðal smitaðra eru Bill Stepien kosningastjóri og Ronna McDaniel, yfirmaður landssambands Repúblikanaflokksins. Allir kosninga- og fjáröflunarfundir sem skipulagðir voru á næstunni hafa verið settir á ís.

Forsetinn sjálfur hefur verið harðlega gagnrýndur af læknum fyrir að láta keyra sér fram hjá Walter Reed-spítalanum þar sem hann hefur dvalist, veifandi til stuðningsmanna sinna. Var uppákoman sögð óábyrg og að læknar forsetans hefðu aldrei átt að leyfa þetta. Eins og frá var greint um helgina hefur Trump verið nokkuð illa haldinn af veikindum sínum og meðal annars þurft að fá súrefnisgjöf.

Undirgengst hann nú lyfjameðferð og fær bæði stera og mótefni sem enn eru á tilraunastigi. Læknar Trumps hafa þó ekki viljað gefa allt upp um ástand hans og hvernig honum gengur að berjast við sjúkdóminn.

„Ég skil núna hvernig þessi sjúkdómur virkar. Þetta er alvöru skóli, ekki bóknám," sagði Trump í myndbandi sem birt var frá spítalanum. Hann hefur hins vegar krafist þess að verða útskrifaður sem fyrst. **– khg**

Íbúar á Seltjarnarnesi eru óánægðir með stjórn bæjarins

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun myndi Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi aðeins fá 41 prósent ef gengið væri til sveitarstjórnarkosninga í dag. Þar með myndi flokkurinn missa meirihluta sinn í bæjarstjórn í fyrsta skipti á lýðveldistímanum. Telja flestir Seltirningar fjármálin það sem betur mætti fara.

SELTJARNARNES Meirihluti Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi myndi falla ef gengið væri til kosninga í dag samkvæmt nýrri könnun. Myndi flokkurinn fá rúmlega 41 prósent atkvæða, Samfylkingin rúmlega 29 prósent, Viðreisn/Neslisti tæplega 16, Fyrir Seltjarnarnes tæplega 6 og aðrir 8 prósent. Könnunin var unnin í júlí og ágúst af Maskínu fyrir Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi.

756 bæjarbúar fengu könnunina senda og svöruðu 468, eða 61,9 prósent, sem er nokkuð gott svarhlutfall samkvæmt Þóru Ásgeirsdóttur hjá Maskínu. En könnunin var unnin bæði með tölvupósti og símhringingum. Úrtakið er stórt fyrir sveitarfélag með um 4.700 íbúa, svörin nema 10 prósentum af íbúafjölda.

Athygli vekur að aðeins 26 prósent bæjarbúa eru ánægð með stjórnun bæjarins og sama hlutfall treystir bæjarstjóranum Ásgerði Halldórsdóttur vel, langt undir því fylgi sem Sjálfstæðisflokkurinn mælist með.

„Það er greinilegt að hluti Sjálfstæðismanna er óánægður," segir Þóra. „11,3 prósent þeirra eru fremur óánægð með stjórnunina og 2,6 prósent mjög óánægð." Þá finnst tæplega 34 prósentum Sjálfstæðismanna stjórnunin í meðallagi.

Alls treysta 44 prósent Seltirninga bæjarstjóra illa og tæplega 42,5 prósent eru óánægð með stjórnun bæjarins samkvæmt könnuninni.

Seltjarnarnes hefur verið eitt af höfuðvígjum Sjálfstæðisflokksins og hefur flokkurinn einn stýrt málum þar frá árinu 1948, eða eftir klofninginn frá Kópavogi. Þó með þeirri undantekningu að árin 1958 til 1962 sat sjálfkjörinn „Listi allra flokka".

Mikill hallarekstur hefur verið á Seltjarnarnesi undanfarin fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **26 prósent Seltirninga treysta Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra vel og 44 prósent illa.**

Árið 2006 hafði flokkurinn rúmlega 67 prósenta fylgi en það hefur dalað mikið síðan þá. Árið 2010 fór fylgið niður í 58 prósent og tæplega 53 prósent árið 2014. Í síðustu kosningum, árið 2018, hékk flokkurinn naumlega á meirihluta sínum með 46 prósent og munaði aðeins 23 atkvæðum að hann félli.

Maskína kannaði einnig álit íbúa á ýmsum málaflokkum og voru tveir taldir langmikilvægastir, fjármál og skólamál.

Hallarekstur bæjarins, sem rekja má meira en fimm ár aftur í tímann, hefur mikið verið til umræðu að undanförnu. Lét bæjarstjórn gera óháða skýrslu hjá HLH ráðgjöf á rekstrinum með hagræðingartillögum, sem birt var í febrúar. Samkvæmt könnun Maskínu töldu langflestir, 29 prósent, fjármálin það sem helst mætti betur fara í málefnum bæjarins og 12 prósent nefndu viðhald og umhirðu.

Í skýrslu HLH kom meðal annars fram að stöðugildum hefði fjölgað langt umfram íbúafjölgun sveitarfélagsins. Einnig að „annar rekstrarkostnaður" væri hæstur á landinu. Meðal annars var kostnaður vegna kaffimeðlætis sjö milljónir króna árið 2018. Alls var uppsafnaður hallarekstur bæjarins á fimm árum 600 milljónir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

ÓDÝRT OG GOTT

Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu, ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrarpylsa og blóðmör

Ferskt heilslátur 3 stk
4.599 kr/pk

Heilslátur 3 stk án blóðs
4.399 kr/pk

Frosið heilslátur 3 stk
4.499 kr/pk

Eistu
699 kr/kg

Dilkanýru
499 kr/kg

Sviðahausar
599 kr/kg

Kalóneraðar vambir 3 stk
1.299 kr/pk

Dilkalifur
449 kr/kg

Dilkahjörtu
649 kr/kg

Þindar 5 kg/poka
449 kr/kg

Blóð
239 kr/lítri

Próteinkeppir 10 stk
1.499 kr/pk

Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg
279 kr/kg

Mör
189 kr/kg

HAGKAUP

Farsóttarþreyta

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Hertar samkomutakmarkanir eru aftur orðnar staðreynd. Þriðja bylgja kórónaveirunnar er í bullandi vexti hér á landi og næstu tvær vikurnar þurfum við að sætta okkur aftur við að mega ekki hittast í fjölmennari hópum en 20. Enginn fer á barinn né í ræktina fyrr en í fyrsta lagi upp úr miðjum mánuði.

Við erum sem betur fer flest búin að mastera fjarfundarbúnaðinn og landinn er búinn að innrétta heimaskrifstofur, matarinnkaup á veraldarvefnum eru lítið mál og fínustu veitingastaðir eru að massa heimsendinguna. Við erum nú með reynsluna. Við kunnum þetta og vitum hvernig við gerum þetta. En nennum við þessu?

Nýyrðið farsóttarþreyta sem ég heyrði Ölmu Möller í fyrsta sinn nota í gær segir mér að svarið sé nei. Orðið er þýðing á hugtakinu Pandemic fatigue sem notað er um tilfinninguna þegar hin stöðuga árvekni sem krafist er, er farin að virka yfirþyrmandi og takmarkanir eru farnar að þreyta fólk.

Þrjátíu milljónir manna hafa sýkst af COVID-19 og tæp milljón látist. Heilsufarslegar afleiðingar veirunnar eru óumdeildar en aðgerðir til að hefta útbreiðslu hennar hafa jafnframt haft hrikalegar afleiðingar um heim allan. Óöryggið um framtíðina er algjört og tekur sinn toll af sálartetrinu. Það eina sem er á hreinu er að þetta er ekki búið og er ekkert að verða búið.

Aftur á móti hefur lítið farið fyrir umræðu um hversu langan tíma samfélagið þarf að glíma við faraldurinn. Aðgerðir stjórnvalda eru til nokkurra mánaða í einu og tillögur sóttvarnalæknis gilda til nokkurra vikna í senn.

Við hvern mánuð sem ástandið varir stækkar efnahagslega áfallið. Kannski heyrum við talað um kreppuþreytu innan skamms.

Það styttist í áramót og eru ansi margir farnir að hlakka til að kveðja árið 2020, ár heimsfaraldurs, takmarkana, gjaldþrota, atvinnuleysis og appelsínugulra viðvarana.

Staðreyndin er aftur á móti sú að það er í raun ekkert sem bendir til þess að árið 2021 verði einhverju skárra. Bóluefni er ekki fundið og veiran mun ekki hverfa. Þegar og ef bóluefnið finnst á svo eftir að koma því í framleiðslu og dreifa því um heiminn.

Í nýlegri grein úr Journal of General Internal Medicine var reynt að varpa ljósi á líklegar sviðsmyndir við gerð bóluefnis. Tugir sérfræðinga sem vinna að rannsóknum á bóluefnum voru spurðir um hvenær þeir teldu líklegast að bóluefni yrði tilbúið. Vísindamennirnir voru nokkuð samhljóða og mátu það svo að líklegast gætum við gert ráð fyrir því í september/október á næsta ári. Þannig að búast má við að samfélagslegra áhrifa af bólusetningu gæti fyrst undir lok árs 2021.

Þannig eru allar líkur á að við þurfum að lifa við skert lífskjör töluvert lengur, spænska veikin geisaði í tvö ár og það er ekkert sem segir okkur að þetta taki styttri tíma.

Ættum við ekki að hugsa þetta til lengri tíma? Hvernig sjáum við samfélagið fyrir okkur næsta árið?

Það eina sem er á hreinu er að þetta er ekki búið og er ekkert að verða búið.

Halldór

Frá degi til dags

Tölulæsi

Nýjar hömlur voru settar á land og lýð á sunnudagskvöld vegna faraldursins. Þar er gert ráð fyrir að samkomutakmarkanir séu við 20 manns, eða 30 manns, eða 50 manns eða 100 manns eða 200 manns – allt eftir því hvað verið er að gera, hvar og hver á í hlut. Þetta þykir þeim sem eru með stúdentspróf úr máladeild óviðráðanlega flókið. Meira að segja vefst fyrir sumum að telja skammlaust upp að 20 svo litlu skeiki. Þannig eru að verða tvær þjóðir í þessu landi, þeir sem átta sig á fjöldatakmörkunum og hinir sem ekki gera það.

Myndarlegir

Kínverjarnir eru myndaglöð þjóð. Þegar enn voru hér ferðamenn voru þeir sem komu frá Kína áberandi fyrir að vera stöðugt að taka myndir hvar sem þeir komu. Við heimamenn vorum ánægðir með þetta háttalag því að þannig bærust myndir af landinu víðs vegar um í Kína. Þessi áhugi kínverskra virðist ná langt út fyrir raðir ferðamanna því að ekki ber á öðru en þeir hafi líka áhuga á að myndatökuvélar þeirra nái sem víðustu skoti, ef marka má aðfinnslur Persónuverndar vegna öryggismyndavéla við sendiráð þeirra. Eru hreyfimyndir úr Borgartúni ekki fyrirtaks landkynning, þar sem greina má jafnvel þá sem skjótast inn í stofnanir þær sem standa við götuna?

Gleymum ekki drengjunum

Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Við eigum að vera vakandi þegar svona sterk aðvörunarljós blikka.

Haustið 2015 gerðist Reykjavíkurborg aðili að Þjóðarsáttmála um læsi. Markmiðið var að öll börn gætu lesið sér til gagns, en að lokinni grunnskólagöngu geta 30 prósent drengja ekki lesið sér til gagns. Ekki hefur orðið marktækur árangur á fyrstu árum skólagöngunnar. Þvert á móti. Á síðasta ári voru tæp 40 prósent barna í 2. bekk í Reykjavík sem gátu ekki lesið sér til gagns eins og það er skilgreint. Þegar borgin gerðist aðili að Þjóðarsáttmála um læsi var þetta hlutfall 35 prósent. Engin mæling er gerð á þessu ári. Þessar tölur eru vísbending um að enn sé sitthvað í ólestri. Þegar tölurnar eru rýndar kemur í ljós að öll árin frá 2002 hafa drengir verið með lakari útkomu en stúlkur. Það er ekki í lagi. Kynbundinn munur eykst á grunnskólastigi og er áberandi hvað drengir standa höllum fæti við lok grunnskólagöngu. Menntamálaráðherra benti nýverið á stöðu nemenda í Háskóla Íslands, en aðeins 27 prósent þeirra sem stunda nám á framhaldsstigi eru karlar. Það er því eins og kynbundinn munur í námi aukist þegar á líður. Leggja þarf aukna áherslu á fyrstu skólastigin og hafa námsefni sem höfðar til beggja kynja.

Gerum betur

Í dag liggur fyrir borgarstjórn tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gera úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í leik- og grunnskóla. Vonandi næst samstaða um það. Áfram þarf að styrkja lestrarnám allra, en sinna þarf sérstaklega viðkvæmum hópum. Við viljum flagga því að hér er verk að vinna og fleiri úrræði þurfi til að ná tökum á lakri stöðu drengja í lestri. Íslenskan á undir högg að sækja þegar samfélagsmiðlar og sjónvarpsefni er að mestu leyti á ensku. Lestur bóka og blaða fer minnkandi. Meirihluti útgjalda borgarinnar fer í skólamál. Við eigum að vera vakandi þegar svona sterk aðvörunarljós blikka. Horfast í augu við viðfangsefnið óhikað. Þannig gerum við betur.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Við verðum tilbúin

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs

Borgarstjórn mun í dag ræða ferðamálastefnu Reykjavíkur til næstu fimm ára. Það er kannski ekki mikið um ferðamenn í borginni í dag en þegar fólk fer aftur á stjá, þarf Reykjavík að vera tilbúin. Við vitum hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir borgina. Hún hefur skilað miklum tekjum til fyrirtækja, einstaklinga og hins opinbera. Hún hefur ýtt undir margvíslega grósku og gætt borgina lífi. Við sjáum það best í dag þegar ferðamennina vantar.

Auðvitað hefur sú mikla gróska sem hefur verið í ferðaþjónustu á undanförnum árum reynt á innviði borgarinnar og þolinmæði borgarbúa, ekki síst miðsvæðis. Mikil fjölgun ferðamanna hefur líka kallað á kostnaðarsamar fjárfestingar og aukin útgjöld. Við þurfum að taka tillit til þess í næstu skrefum, að endurkoma ferðamannanna verði í sem mestri sátt við íbúa. Því er eitt leiðarstefið í ferðamálastefnunni að eiga í reglulegu samtali við íbúa og hagsmunaaðila og að markaðssetning muni líka snúa að borgarbúum, svo þeir fari ekki á mis við allt það skemmtilega sem hér er hægt að gera og við kynnum fyrir erlendum gestum okkar.

Ferðamálastefnan á að vera leiðarljós okkar í því hvernig borgin þróast sem áfangastaður ferðamanna. Reykjavík á að mæta þörfum bæði ferðaþjónustu og íbúa og hún á að vera borg sem laðar að sér fólk og auðgar líf íbúa, jafnt sem innlendra og erlendra gesta. Langflestir gestir Íslands koma til Reykjavíkur. En Reykjavík hefur ekki endilega verið áfangastaður þessara gesta, heldur nýta þeir þjónustuna sem borgin hefur upp á að bjóða, á leið sinni til annarra staða á Íslandi. Reykjavíkurborg er því að vinna, samhliða ferðamálastefnunni, að áfangastaðastofu fyrir allt höfuðborgarsvæðið í samstarfi við Ferðamálastofu og nágrannasveitarfélög.

Þegar ferðaþjónustan byrjar aftur ætlar borgin vera tilbúin með atvinnugreininni í markaðssetningu og sýna lifandi og framsækna mannlífsborg sem gaman er að heimsækja og þar sem gott er að búa.

Um roggna karla og hrædda hrúta

Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ritstjóri

Í miðvikudagsblaði Fréttablaðsins ritar Aðalheiður Ámundadóttir leiðara blaðsins – skoðun blaðsins. Þar fjallar hún um ágreining á milli núverandi forystu verkalýðshreyfingarinnar og fráfarandi forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar. Aðalheiður lýsir sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar á þennan veg: „Lengst af hefur íslensk verkalýðshreyfing liðið fyrir þrásetu rogginna karla á valdastóli.“ Hún lætur vera að nefna nokkurn þessara „roggnu karla“ með nafni en segir þá sitja „áratugum saman á formannsstóli félaga sinna og sitji þar jafnvel enn“. Enga undantekningu gerir leiðarahöfundur þar enda telur hún að margir „roggnir karlar“ sitji enn á formannsstóli í mörgum félaganna. Gæti vel nefnt suma, sem þessi orð Aðalheiðar hljóta að eiga við – en læt það vera. Hennar en ekki mitt að skýra ummælin.

Hrúturinn Gylfi

Um ummæli Gylfa Arnbjörnssonar, fyrrverandi forseta ASÍ, um ágreining í tjáningu skoðana, segir leiðarahöfundurinn: „Með útspili sínu hefur hann ekki aðeins fallið í gryfju hrútsins, sem telur endalausa eftirspurn eftir sinni lafhræddu speki, heldur einnig afhjúpað sig sem úlf í sauðargæru.“ Leiðara sinn kallar svo Aðalheiður „Hrútinn“ og liggur ljóst fyrir við hvern hún á.

... með grænsápu

Nú veit ég afskaplega lítið, nánast ekki neitt, um sálarlíf hrúta. Hef ekki lagt mig eftir því í neitt álíka ríkum mæli og Aðalheiður hefur sjáanlega gert. Jafn lítið veit ég um sálarlíf rollunnar. Get því hreint ómögulega svarað henni með tilvísun í sálarlíf rollunnar, viðbrögð rollunnar né speki. Er því algerlega fyrirmunað að geta sett saman greiningu á speki Aðalheiðar undir heitinu „Rollan“. Kemur heldur ekki til hugar að láta slíkt sjást. Mér þykir hins vegar löngu kominn tími til þess að fólki verði kennd almenn kurteisi í garð viðmælenda. Leiðarahöfundar tileinki sér ekki vinnubrögð kommentakerfanna með illmælgi, níði og lastmælgi um náungann. Amma mín sagði stundum, að því fólki, sem þannig munnsöfnuð notaði, þyrfti að þvo um munninn með grænsápu. Nú mæla leiðarahöfundar ekki af munni fram heldur skrifa ummæli sín á rittölvu með puttunum. Þykir ekki aðstandendum Fréttablaðsins rétt orðið að Aðalheiður Ámundadóttir þvoi sér rækilega um puttana? Með grænsápu – myndi hún amma mín sagt hafa.

†

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir og amma,

Guðrún Stefanía Brynjólfsdóttir

Daltúni 2,
Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 24. september á Landspítalanum Kópavogi.
Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í dag, þriðjudaginn 6. október klukkan 13. Vegna fjöldatakmarkana verður nánustu aðstandendum boðið til athafnarinnar.
Útsendingu frá athöfninni verður streymt á vefslóðinni https://youtu.be/9YRRbylkqol

Hildur Brynja Andrésdóttir **Egill Örn Petersen**
Páll Jakobsson
Linda María, Guðrún Lilja og Róbert Nökkvi
Jakob Felix og Andrea Arna

†

Elskulegur bróðir okkar og mágur,

Sveinbjörn Björnsson

vörubílstjóri,
Gaukshólum 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu 30. september sl.
Útförin verður auglýst síðar.

Anna Hjálmdís Gísladóttir
Sveinlaugur Björnsson **Þorgerður Jónsdóttir**
Þórður Jónsson
Rebekka Björnsdóttir **Tómas Guðmundsson**
Þorgunnur Björnsdóttir **Gunnar Gunnarsson**

ÞETTA GERÐIST: 6. OKTÓBER 1991

Elizabeth Taylor giftist í áttunda sinn

Þennan dag árið 1991 gekk bandaríska kvikmyndastjarnan Elizabeth Taylor upp að altarinu í áttunda sinn. Sá heppni var vörubílstjórinn Lawrence Lee Fortensky sem Liz kallaði Larry og var 20 árum yngri en hún. Turtildúfurnar kynntust í áfengismeðferð í þurrkví fræga fólksins, kenndri við Betty Ford.

Hjónavígslan fór fram í Neverland, búgarði Michaels Jackson, sem var besti vinur brúðarinnar. En þótt Liz færi þar með hjúskapareiðinn í áttunda sinn var Larry eiginmaður hennar númer sjö, því hún hafði tvisvar gifst breska stórleikaranum Richard Burton: Fyrst í mars 1964 og svo í október 1975, eftir að þau höfðu verið skilin í rúmt ár.

Fyrri eiginmenn Taylor voru Conrad „Nicky" Hilton, Michael Wilding, Michael Todd, Eddie Fisher, Richard Burton og John Warner.

†

Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Kjartansson

viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri,
Sóltúni 11,

varð bráðkvaddur föstudaginn 25. september. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 8. október kl. 15.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir, en athöfninni verður streymt á slóðinni: facebook.com/laugarneskirkja

Ágústa Árnadóttir
Margrét Gunnarsdóttir **Jakob F. Ásgeirsson**
Kristín Gunnarsdóttir
Þorsteinn Gunnar Jónsson
Valgerður Jónsdóttir
Ágústa Bergrós Jakobsdóttir
Dóróthea Margrét Jakobsdóttir
Una Margrét Lyngdal Reynisdóttir

†

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Úlla Knudsen

Ystabæ, Hrísey,

sem lést 28. september, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. október kl. 13.00.
Í ljósi aðstæðna munu aðeins nánustu aðstandendur verða viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: www.sonik.is/ulla. Jarðsett verður í Hríseyjarkirkjugarði laugardaginn 24. október. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Úllu er bent á Barnaspítala Hringsins eða Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Sæmundur Sæmundsson **Margrét Vala Kristjánsdóttir**
Unnur Sæmundsdóttir **Sveinn Þór Stefánsson**
Geir Sæmundsson **Erna Torfadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför

Guðmundar Theódórssonar

Eiríkur Örn Guðmundsson **Þorbjörg Ósk Úlfarsdóttir**
Guðlaugur Theódórsson **Sigríður Elísdóttir**
Guðbjörg Jónsdóttir **Sigurbjartur Sigurðsson**
Guðný Jónsdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Hörður Reynir Hjartarson

húsasmiður og þúsundþjalasmiður,
Hveragerði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 8. október kl. 13.00. Útförinni verður streymt á Facebookhóp, útför Harðar Hjartarsonar.

Helgi Harðarson
Hjörtur Lárus Harðarson **G. Svava Guðmundsdóttir**
Ingibjörg Pála Harðardóttir **Þórður Rúnar Þórmundsson**
Lilja Hafdís Harðardóttir **Frank Þór Franksson**
og fjölskyldur.

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

†

Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Bjarnason

fv. rannsóknarlögreglumaður,

lést miðvikudaginn 30. september á Hrafnistu, Laugarási.
Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. október klukkan 13.00.
Vegna samkomutakmarkana verða einungis nánustu ættingjar og aðstandendur viðstaddir.

Lilja Jónasdóttir **Stefán Atli Halldórsson**
Gunnar Örn Jónasson
Sigrún Jónasdóttir
Óskar Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Jakob Steingrímsson

Vorsabæ 5, Reykjavík,

lést á heimili sínu 27. september.
Útför hans verður frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. október klukkan 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir.

Karen Þorvaldsdóttir
Hulda Jakobsdóttir **Jón Árni Rúnarsson**
Anna Margrét Jakobsdóttir **Tómas Gunnar Viðarsson**
Brynjar Berg, Sölvi Rafn, Daníel Darri
Hildur Steingrímsdóttir

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ásgeir Pálsson

Stórateigi 7,
Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum 25. september síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

Gunnar H. Tyrfingsson **Unnur Herdís Ingólfsdóttir**
Bjarni Ásgeirsson **Rannveig Eyberg Stefnisdóttir**
Kristján Ásgeirsson **Linda Björk Haukdal**
Agnes Ásgeirsdóttir **Ragnar Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, pabbi okkar og tengdapabbi,

Gunnlaugur Kristófer Bjarnason

Grund, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. september.
Útför hans verður frá Garðakirkju, fimmtudaginn 8. október kl. 13. Vegna aðstæðna verður að takmarka fjölda gesta í kirkjunni og verða því send boð í athöfnina.
Streymt verður frá athöfninni á: www.cutt.ly/gulli

Unnur Flygenring
Ágúst Þór Gunnlaugsson **Þórhildur Halla Jónsdóttir**
Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir Flygenring

FÓLK

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER 2020

„Ég gat dregið andann áreynslulaust, án hjálparefna í fyrsta skipti síðan á unglingsaldri,“ segir Þrymur um áhrif blöndunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nefstíflur loksins horfnar

Þrymur Sveinsson hefur frá unga aldri glímt við vandamál í öndunarfærum sem lýstu sér m.a. í stífluðu nefi. Eftir langa leit fann hann loks eitthvað sem virkaði en Ginger, Turmeric & Bromelain frá Natures Aid hefur reynst mörgum vel. →2

Betra blóðflæði

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum

Framhald af forsíðu

Engifer- og túrmerikrætur hafa í árþúsund verið notaðar í lækningaskyni. Þessar rætur eru náskyldar og eru enn þann dag í dag notaðar bæði í kínverskum og indverskum náttúrulækningum. Bromelain er ensím, unnið úr ananasplöntunni, sem getur haft bæði góð áhrif á meltingu og bólgur og vísbendingar eru um mun víðtækari heilsufarsleg áhrif. Þessi þrjú náttúrulegu efni eru saman komin í Ginger, Turmeric & Bromelain bætiefninu frá Natures Aid og eru vinsældir þess sífellt að aukast.

Fann mun eftir viku

Þrymur Sveinsson hefur notað Ginger, Turmeric & Bromelain um þó nokkurt skeið með ótrúlegum árangri. Hann hafði þetta að segja:

„Fyrst þegar Ginger, Turmeric & Bromelain fékk umfjöllun í Fréttablaðinu fannst mér samsetningin í bætiefninu vera áhugaverð. Ég las mér betur til á netinu og þar sem þær greinar sem ég fann um efnin gáfu sömu niðurstöðu ákvað ég að kaupa glas til reynslu. Ástæðan er sú að allt frá unga aldri hafði ég átt við vandamál í öndunarfærum að stríða sem lýsti sér meðal annars í stífluðu nefi. Engin lausn fannst þrátt fyrir heimsóknir til lækna og sérfræðinga sem skoðuðu mig vandlega, þeir fundu enga ástæðu. Vandamálið versnaði stöðugt og ég var farinn að nota nefúða allt að fjórum sinnum á dag þegar ég var sem verstur. Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið, ég gat dregið andann áreynslulaust, án hjálparefna í fyrsta skipti síðan á unglingsaldri. Ég hef notað Ginger, Turmeric & Bromelain að staðaldri síðan en gæði þessa náttúrulyfs eru ótvíræð.

Getur bætt meltingu og minnkar bólgur

Engifer er afar vinsæll í bæði asískri og indverskri matargerð ásamt því að vera notaður þar í lækningaskyni. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á engiferi*[1] enda talinn hafa góð áhrif gegn ógleði, verkjum og bólgum. Engifer getur einnig haft vatnslosandi áhrif og jafnað blóðsykur. Það má neyta engifers á ýmsa vegu, en við fáum sjaldnast nóg í matnum þrátt fyrir að hann gefi gott bragð. Það má

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

„Eftir viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið.

þó bæta það upp með inntöku á rótinni einni og sér. Engiferrót er góð rifin í vatn/te, sem nýpressaður safi eða til að taka sem bætiefni. Þessi magnaða rót hefur þó enn fleiri kosti en hún er talin sérlega góð fyrir meltinguna þar sem hún dregur úr meltingarónotum og hefur jákvæð áhrif á ákveðnar tegundir meltingarensíma með því að auka eða bæta flæðið gegnum meltingarveginn. Engifer hitar okkur innan frá og því gott að fá sér til dæmis te þegar við fáum kvef og svo bendir ýmislegt til þess að hann hafi góð áhrif á vöðvaverki sem skýrist sennilega af bólgueyðandi áhrifum hans.

Króníska bólgur

Túrmerik (Curcuma longa) er eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum og það er ekkert náttúrulegt efni sem hefur verið rannsakað jafn mikið. Það getur unnið vel gegn bólgum en eins og bráðar (skammtíma) bólgur í líkamanum eru nauðsynlegar eru langvarandi/krónískar bólgur að sama skapi mjög slæmar. Krónískar bólgur eru rótin að mörgum lífsstílssjúkdómum og hafa rannsóknir*2 sýnt að kúrkúmín geti dregið úr líkum á þessum bólgum.

Bromelain fyrir ennis- og kinnholur

Bromelain er ensím úr ananasplöntunni en þetta ensím brýtur niður prótein og getur því nýst fólki með meltingarvandamál, rétt eins og meltingarensím. Fjöldi rannsókna hefur verið gerður og benda til margvíslegs ávinnings af neyslu náttúrulega efnisins bromelain, meðal annars að það geti haft jákvæð áhrif á nefslímubólgur í ennis- og kinnholum, geti hjálpað fólki með liðverki og dregið úr almennum bólgum. Einnig hafa rannsóknir*3 bent til þess að efnið hafi góð áhrif á frjókornaofnæmi.

Gott fyrir heilsuna

Erfitt er í stuttu máli að telja upp kosti þeirra efna sem þetta bætiefni inniheldur. Kúrkúmín sem er virka efnið í túrmerik er talið vernda liðina þar sem það eykur náttúrulega framleiðslu kortisóns sem getur haft bólgueyðandi áhrif. Rannsóknir*4 benda til þess að engifer sé blóðþynnandi og auki blóðflæði ásamt því að geta dregið úr bólgum, verið vatnslosandi, jafnað blóðsykur og minnkað ógleði. Einnig hafa báðar þessar rætur jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. Þriðja efnið í blöndunni er ensímið bromelain sem er meðal annars græðandi, hefur góð áhrif á meltinguna og virðist geta unnið á ýmsum bólguvandamálum í ennis- og kinnholum.

Mælt er með að neytendur leiti álits læknis eða annars fagfólks áður en þeir ákveða að taka inn vítamín eða fæðubótarefni. Sérstaklega á þetta við um barnshafandi konur, konur sem eru með barn á brjósti, fólk sem er að glíma við sjúkdóma og tekur lyf að staðaldri eða hefur undirliggjandi sjúkdóma á borð við flogaveiki, ofvirkan skjaldkirtil og sykursýki.

Ekki ráðlagt fyrir ófrískar konur, eða konur með barn á brjósti, þá sem eru á blóðþynnandi lyfjum eða hafa fengið gallsteina.

1. Gingerols & shogaols: Important nutraceutical principles from ginger https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/26228533
2. Bólgueyðandi eiginleikar kúrkúmíns https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/19594223
3. Verkun og þol bromelains í langvarandi nefslímubólgum https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/24273953
4. The amazing and mighty ginger https://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK92775/?log$=-activity

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER 2020

Nýr keppinautur rafsendibíla

6

Kraftmikill og hagkvæmur

10

Skemmtilegi rafbíllinn

Fjöldi rafbíla siglir nú hraðbyri til landsins og fyrstu haustsendingarnar eru komnar. Einn þessara bíla er Honda e sem vakið hefur athygli fyrir að vera hlaðinn tæknibúnaði. Við prófum hann og fleiri rafdrifna bíla hér í blaðinu þar sem áherslan er á rafmagn að þessu sinni. **4**

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís

Alls voru 289 stykki af Tesla Model 3 afhent í septembermánuði.

Rafbílar helmingur innflutningsins

Samkvæmt Facebook-síðunni Bensínlaus bættust 498 rafmagnsbílar við flota landsmanna í september. Stór hluti þessara bíla er frá Tesla eða 313 talsins en einnig kom stór sending 42 ID.3- bíla frá Volkswagen í mánuðinum. Alls voru 1.015 nýir bílar skráðir í september og eru því 49% innflutningsins 100% rafmagnsbílar.

> **Rafbílar og tengiltvinnbílar voru alls 64,14% innflutnings í september.**

Til viðbótar við þessar tölur voru rúm 15% innfluttra bíla í september tengiltvinnbílar svo að rafdrifnir bílar í þeim mánuði eru alls 64,14% innflutningsins. Þann 1. október eru 5.539 rafbílar skráðir í landinu sem gerir 2,5% allra skráðra bíla í landinu.

Maxus-rafbílamerkið í Skeifuna

Með ört vaxandi samkeppni á rafbílamarkaði er viðbúið að ný bílamerki líti dagsins ljós á markaði í Evrópu og reyndar víðar. Eitt af þessum merkjum er Maxus sem er undir hatti SAIC-framleiðslurisans frá Kína.

Suzuki hefur hafið innflutning á Maxus-merkinu og þá rafbílahluta þess, en fyrsti bíllinn til að mæta í Skeifuna er e-Deliver 3 sendibíllinn sem er til umfjöllunar seinna í blaðinu. Hann er fyrsti Kínaframleiddi sendibíllinn sem kemur á markað í Evrópu og fyrsta landið sem hafið hefur sölu á honum er Noregur, sem fékk fyrstu bílana í apríl á þessu ári. Næstur í röðinni er Euniq MPV sem er sjö manna fjölskyldubíll.

Að sögn Sonju G. Ólafsdóttur, markaðsstjóra Suzuki, verður Euniq eini sjö manna rafmagnsbíllinn á Íslandi þegar hann kemur í desember. Bíllinn er byggður á G50 sem kynntur var fyrir Kínamarkað í fyrra en hann er með 1,5 lítra bensínvél. Euniq var frumsýndur á bílasýningunni í Sjanghæ í fyrra og er búinn 116 hestafla rafmótor.

Jepplingur í kortunum

Fleiri spennandi valkostir eru í boði hjá Maxus, sem er undir hatti SAIC sem einnig framleiðir MG-rafbílana.

Er þar helst að telja Maxus Euniq 6 sem er rafdrifinn jepplingur byggður á nýju MERA-botnplötunni og hefur verið kynntur í Kína. Sá bíll er með einum, 170 hestafla rafmótor sem skilar 310 newtonmetra togi, en það sem er meira um vert er að hann er sagður hafa allt að 600 km drægi samkvæmt NEDC-staðlinum.

Það eru því spennandi tímar fram undan hjá Suzuki í Skeifunni undir merkjum Maxus, sem fengið hefur salinn við hliðina á Domino's þar sem mótorhjólin voru áður.

Maxus Euniq MPV verður eini sjö manna rafbíllinn þegar hann kemur á markað hér í desember.

Maxus Euniq 6 er 170 hestafla jepplingur með allt að 600 km drægi.

JEPPA DEKK

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

DEKKJAÞJÓNUSTA TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900

Dick CEPEK TIRES & WHEELS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður.
Stærðir 29 - 44".

KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS

Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík
Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is

Polestar Precept er líklegur til að hafa allavega 500 km drægi.

Polestar Precept fer í framleiðslu

Það er aðeins tæplega hálft ár síðan Polestar frumsýndi tölvugerða útgáfu Precept-tilraunabílsins. Nú hefur framleiðandinn svo ákveðið að bíllinn fari í framleiðslu og mun hann keppa við bíla eins og Porsche Taycan, Lucid Air og Tesla Model S.

Bíllinn er stór á velli enda 4,7 metrar að lengd með hjólhaf sem er hvorki meira né minna en 3,1 metri. Hann verður líka byggður á SPA2-undirvagninum sem er næsta kynslóð undirvagna fyrir stærri bíla Volvo.

Precept verður flaggskip rafbílamerkisins og verður notað mikið af endurvinnanlegum og náttúrulegum efnum í hann. Polestar hefur einnig gefið út að Precept verði framleiddur í nýrri verksmiðju í Kína sem verður með kolefnisjöfnun frá a-ö. Precept fær þó líklegast ekki að halda nafninu en þeir tveir bílar sem komið hafa frá Polestar hingað til heita einfaldlega 1 og 2. Um 2.000 framleiðslueintök Polestar 2 voru reyndar innkölluð á dögunum vegna galla í hugbúnaði sem leitt gat til þess að bíllinn hætti skyndilega akstri.

> **Polestar Precept verður byggður á SPA2-undirvagninum sem er næsta kynslóð undirvagna fyrir stærri rafdrifna bíla Volvo.**

Bíll 3 er væntanlegur innan skamms og verður það rafjepplingur en hvort Polestar Precept fái nafnið 4 er enn ekki staðfest. Búast má við að bíllinn verði kynntur seint á árinu 2022 og komi á markað snemma árs 2023.

FRÉTTABLAÐIÐ Bílar
Umsjón blaðsins
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is | Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. | Kalkofnsvegur 2 | 101 Reykjavík | Sími 550 5000

HONDA

Nýr og rafmagnaður

Honda e

Hannaður fyrir borgina

Nánari upplýsingar um 5 ára ábyrgð Honda er á www.honda.is/abyrgd

5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

Biðin er á enda, Honda e er kominn.
Honda e býr yfir einstökum aksturseiginleikum og er skapaður fyrir borgarakstur. Hönnunin er framúrskarandi að utan sem innan, bíllinn er rúmgóður en um leið nettur og fallegur. Rafmagnið fullkomnar svo akstursánægjuna – enda losunin engin.

Komdu í heimsókn í nýjan sýningarsal Honda á Krókhálsi 13 og reynsluaktu þessum einstaka bíl. Við tökum vel á móti þér.

Honda e kostar frá

4.390.000 kr.

Sjálfskiptur, 136 hestöfl, 220km drægi.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland

KOSTIR OG GALLAR

Honda e

Grunnverð: 4.390.000 kr.
Rafhlaða: 35,5 kWst.
Rafmagnsnotkun: 18-20 kWst/100 km
DC-hleðsla: 100 kW
Hestöfl: 154
Tog: 315 newtonmetrar

Drægi: 220 km
Hröðun 0-100 km: 8,3 sek
Hámarkshraði: 145 km/klst.
Farangursrými: 380 l
L/B/H: 3.894/1.752/1.512 mm
Hjólhaf: 2.530 mm

Farangursrými: 171 l
Eigin þyngd: 1.518 kg

KOSTIR
- Tæknibúnaður
- Lipur
- Liggur vel

GALLAR
- Drægi
- Farangursrými
- Fótaplass aftur í

Útlit bílsins er skemmtileg blanda af gamaldags línum áttunda áratugarins og nýmóðins áherslum í ljósum og felgum svo eitthvað sé nefnt. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Honda e – skemmtilegi rafbíllinn

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Það vakti athygli þegar Honda ákvað að koma með rafbíl á markað í fyrsta skipti og færa sig þannig inn í öld rafbílanna. Bíllinn var frumsýndur í fyrra og er nú kominn til landsins og í sölu hjá nýjum höfuðstöðvum Honda að Krókhálsi.

Honda ætlar sér greinilega að fara óhefðbundnar leiðir með þessum bíl sem er hannaður með útliti Honda Civic frá áttunda áratug fyrri aldar. Ekki bara það heldur á hann sér fáa keppinauta og er meira hugsaður sem borgarsnattari heldur en bíll sem leysa eigi allar þarfir nútímafjölskyldunnar, eins og mörgum bílum í dag virðist ætlað að gera.

Fyrir það fyrsta er bíllinn aðeins fjögurra sæta sem er óvenjulegt. Afturhurðir bílsins eru mjög aftarlega og með ólíkindum að Honda hafi náð að koma þeim fyrir. Það kemur manni á óvart að bíllinn sé fjögurra dyra því að hann virkar lítill utan frá, eins og tveggja dyra. Munar þar um mikið hjólhaf fyrir ekki stærri bíl en það er 2.530 mm. Til samanburðar má nefna að hjólhaf fyrstu kynslóðar Civic var aðeins 2.200 mm.

Lipur og léttur í akstri

En hvernig bíll er Honda e undir niðri? Hann er með 152 hestafla rafmótor og frekar lítilli rafhlöðu sem rúmar 35,5 kWst.

Rafmótorinn er settur á afturdrifið og fjöðrunin er sjálfstæð allan hringinn. Fyrir vikið fer ekki mikið fyrir framhjólunum og auðvelt að leggja mikið á bílinn og reyndar er snúningshringurinn sá minnsti sem undirritaður hefur prófað í nokkrum bíl, eða aðeins 8 metrar. Þar sem bíllinn er afturhjóladrifinn vill hann því aðeins yfirstýra í kröppum beygjum ef gefið er of snöggt inn. Því kemur sér vel að stýrið er fljótt að taka við sér enda talsvert dobblað.

Stýrishjólið sjálft er tveggja arma og er einstaklega þægilegt í notkun og góð tilbreyting frá fjögurra arma stýrishjólum með takka alls staðar. Drægi bílsins er aðeins 220 km sem stenst engan veginn samanburð við helstu samkeppnisaðila og er einn af helstu göllum bílsins.

Þröngur aftur í

Að setjast inn í bílinn er ekki eins erfitt og ætla mætti og er reyndar bara þægileg upplifun, ef talað er um framsætin. Þar er gott fótapláss og óvenju stór og þægileg sæti fyrir þessa stærð af bíl.

Hins vegar er plássið af skornum skammti aftur í fyrir höfuð og sér í lagi fætur og þá sérstaklega við inn- eða útstig. Reyndar fer ágætlega um meðalstóran mann í sætinu þegar hann er búinn að koma sér fyrir enda þarf ekki að keppa um pláss við neinn miðjufarþega.

Farangursrýmið er mjög lítið og dugir kannski fyrir leikfimistöskuna en ekki meira. Útsýni út úr bílnum er þrælgott miðað við marga bíla í dag. Hann er búinn myndavélum í staðinn fyrir hliðarspegla og er maður furðu fljótur að venjast því að horfa ekki lengur út fyrir bílinn til að horfa aftur. Helsti kosturinn við þann búnað er hversu vel sést inn í annars svokölluð blind svæði, sem er nánast útrýmt með þessum búnaði.

Breiðtjald innandyra

Ekki verður skrifað um Honda e án þess að minnast á upplýsingaskjái sem ná óslitið milli myndavélaskjáanna og mynda óslitna heild litaskjáa eftir bílnum þverum.

Myndavélarnar taka ekki mikið pláss og gera bílnum kleift að smeygja sér víða enda minnka þær breiddina.

Það minnir helst á bílabíó, ofgnóttin af upplýsingaskjáum í mælaborði Honda e en þeir eru tveir auk mælaborðs.

Farangursrýmið er aðeins 171 lítri og varla til meiri afkasta en að leggja frá sér leikfimistöskuna.

Höfuðpláss og sérstaklega fótapláss er af skornum skammti aftur í.

» 152 hestafla rafmótorinn er settur á afturdrifið og fjöðrunin er sjálfstæð allan hringinn.

Auðvelt er að nota skjáina og fáir takkar þar fyrir utan til að flækja málin enn frekar, en notkun og fletting getur virkað aðeins seinvirkari en maður á að venjast. Í raun og veru er um tvo 12,3 tommu upplýsingaskjái að ræða auk skjás fyrir mælaborðið.

Sjötti skjárinn er svo í baksýnisspeglinum, kjósi kaupendur að velja dýrari gerð bílsins. Hægt er að nota skjáinn lengst til vinstri sem afþreyingarskjá fyrir farþegann. Kerfið styður Apple Carplay, en það tekur yfir upplýsingar eins og hvað er eftir af drægi þegar það er í notkun.

Dýr – en samt ekki

Það er erfitt að bera Honda e saman við aðra rafbíla og kemur þar margt til. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir verðið sem nálgast verð á nýjum og mun stærri VW ID.3 en er reyndar aðeins ódýrari hér en erlendis í þeim samanburði.

Helstu samkeppnisaðilar hans eru Mini Electric, Peugeot e-208 og Renault Zoe en þeir eru undir sömu sök seldir, að vera einu númeri of dýrir miðað við stærri gerðir rafmagnsbíla. Af þeim þremur er Mini Electric bestur til samanburðar enda sækja þeir báðir í sömu nostalgíuna. Verðið á þeim er svipað en Mini kostar frá 4.950.000 kr.

Það sem aðgreinir þá er hinn fullkomni tæknibúnaður sem er fyrir hendi í Honda e og gerir bílinn að þeirri söluvöru sem hann er. Zoe og e-208 eru ódýrari en Mini en Renault-bíllinn kostar frá 4.450.000 kr. og sá franski frá 4.390.000 kr. sem er í raun og veru það sama og grunnverð Honda e. Það má því segja að Honda e standi sig vel í samkeppni á verði sambærilegra rafbíla.

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI JIMNY

ALVÖRU JEPPI

GOOD DESIGN AWARD 2018

GOLD AWARD

Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjórhjóladrif með lágu drifi

VERÐ FÁ KR.

4.290.000

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

- **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

KOSTIR OG GALLAR

Maxus e-Deliver 3

Grunnverð: 5.280.000 kr.
Hestöfl: 122
Tog/Nm: 255
Hámarkshraði/km: 120

Eyðsla/kWst: 13,84
Drægi/km: 235
Rafhlaða/kWst: 35
Flutningsrými/l: 4.800

Flutningsgeta/kg: 1.000
L/B/H/mm: 4.555/1.780/1.900

KOSTIR
- Verð
- Ágætis búnaður

GALLAR
- Útsýni aftur
- Enginn útihita-mælir

Maxus e-Deliver 3 er annar rafdrifni sendibíllinn sem í boði er hérlendis í þessum flokki. MYNDIR/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Nýr keppinautur rafsendibíla

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Maxus-merkið var kynnt til sögunnar fyrir Evrópumarkað í Noregi í júní síðastliðnum en fyrsti bíllinn til að koma á markað var Maxus e-Deliver 3. Í fyrstu sendingu komu 328 bílar til Noregs en alls höfðu yfir 1.000 pantanir komið í þennan rafdrifna sendibíl. Fyrsti bíllinn er mættur í Skeifuna og við prófuðum hann á dögunum.

Maxus e-Deliver 3 er fáanlegur í langri og stuttri útgáfu og var það sú stutta sem við höfðum til prófunar.

Bíllinn er búinn 35 kWst rafhlöðu með drægi upp á 235 km en einnig er hægt að fá hann með stærri 52 kWst rafhlöðu sem hefur 340 km drægi samkvæmt WLTP-staðlinum. Báðar útgáfurnar eru 122 hestöfl sem gera hann snarpan í bæjarakstri en aflið er minna á ferðinni. Hámarkshraðinn er ekki nema 120 km á klst. sem kemur sér vel í landi með aðeins 90 km hámarkshraða. Bíllinn er lipur í snúningum enda leggja rafbílar almennt betur á stýri en aðrir bílar.

Vel búinn búnaði

Um ágætlega búinn bíl er að ræða í e-Deliver 3 og má þar meðal annars nefna upplýsingaskjá með bakkmyndavél, aðgerðastýri, blátannarbúnað fyrir farsíma og regnskynjara.

Það er eitthvað skrýtið með kínverska bíla og útihitamæla sem er ekki til staðar í þessum bíl, en einmitt prófunardaginn var smávægis hálka um morguninn. Sætin eru stór og þægileg og eru með armhvílum og þar að auki upphituð. Að vísu er bíllinn aðeins tveggja manna fyrir vikið. Gott pláss er í margs konar hólfum, bæði milli sæta og í mælaborði, en ekkert þeirra er lokað.

Útsýni aftur með bílnum er ansi takmarkað og koma þar nokkrir hlutir til. Enginn baksýnisspegill er í bílnum enda hvorki rúða yfir í flutningsrými né á afturhurðum bílsins. Hliðarrúður eru litlar og nær bitinn fyrir aftan þær það langt fram að það verður talsvert blint svæði til hliðanna. Stórir hliðarspeglar gera lítið til að bæta ástandið.

Verðið samkeppnishæft

Flutningsrými bílsins er aðgengilegt þar sem það er góð opnun á afturhurðum en hliðarhurð mætti vera stærri.

Festingar eru í gólfi aftast en vantar fremst í flutningsrýmið. Í minni útgáfunni tekur hann tvær pallettur, og getur sú aftari verið bæði þversum eða langsum. Lengri útgáfan getur tekið þrjár pallettur þversum. Helsti samkeppnisaðili e-Deliver 3 á markaði hérlendis er Nissan E-NV200 en hann kostar ívið meira eða frá 5.390.000 krónum.

Plássið er gott í framsætum sem eru með armhvílum og upplýsingaskjár með bakkmyndavél og blátannarbúnaði er staðalbúnaður.

4.800 lítra flutningsrýmið tekur tvær pallettur og 1.000 kíló.

Fasteignablaðið

40. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 6. OKTÓBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115

VALHÖLL FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083

Rakel Arnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Falleg íbúð við Njálsgötu

Fold fasteignasala kynnir: Fallega, bjarta og vel skipulagða 3 herbergja íbúð á 2. hæð við Njálsgötu, í hjarta miðborgarinnar.

Komið er inn í gang með fallegum nýlegum flísum á gólfi. Af gangi er gengið inn í önnur rými íbúðarinnar. Á hægri hönd er björt og falleg stofa með nýlegu eikarparketi á gólfi. Inn af stofu er rúmgott eldhús með endurnýjaðri hvítri innréttingu og endurnýjuðum tækjum, eikarparketi, rúmgóðri borðaðstöðu og glugga. Rennihurðir milli stofu og eldhúss ganga inn í veggina. Svefnherbergin eru tvö.

Rúmgott hjónaherbergi með dúk á gólfi er í dag nýtt sem barnaherbergi.

Barnaherbergi er þar sem eldhús er á teikningu, ljósar dúkflísar á gólfi.

Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi og á veggjum að hluta, baðkar, upphengt salerni, gluggi. Hvít innrétting með vaski og speglaskáp.

Fallegir upprunalegir skrautlistar og rósettur setja mikinn svip á íbúðina.

Í kjallara er sérgeymsla með hillum og glugga og önnur stór geymsla, einnig með hillum, sem tilheyrir þessari íbúð að 2/3 hlutum.

Sameiginlegt þvottahús, hver með sína vél og hitakompa/þurrkherbergi.

Járn á þaki var endurnýjað árið 2016, nýir þakgluggar settir sem og rennur og snjóhrunsvörn.

Það verður opið hús á Njálsgötu í dag.

Þrýstijafnari er nýlegur og dyrabjöllur hafa einnig nýlega verið endurnýjaðar. Dregið var nýtt rafmagn í íbúðina fyrir nokkrum árum og rafmagnstafla innan íbúðar endurnýjuð. Ofnalagnir og heitavatnslagnir hafa einnig verið endurnýjaðar.

Fold fasteignasala, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is
Sími 552 1400 / Utan skrifstofutíma: Kristín 824-1965, Viðar 694-1401, Einar 893-9132, Gústaf 895-7205.
www.fold.is

Gerðar hafa verið miklar endurbætur á íbúðinni.

Njálsgata 72, 2. hæð:

Opið hús í dag kl. 16.30 – 17.15, vinsamlega bókið heimsókn fyrir fram.

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965
Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Njálsgata 72, 101 Rvk., 3ja herbergja.
OPIÐ HÚS ÞRI 6/10 KL. 16:30-17:15.

Falleg og björt 3ja herbergja 82,7 fm íbúð á 2. hæð við Njálsgötu, í hjarta miðborgarinnar, steinsnar frá Sundhöllinni og margvíslegri þjónustu. Íbúðin er talsvert endurnýjuð, m.a. eldhús, baðherbergi, þak o.fl. **Opið hús þriðjud. 6. október kl. 16:30-17:15, vinsamlegast bókið heimsóknartíma í s.5521400 eða kristin@fold.is**

Jörfagrund 48, 116 Kjalarnesi, Rvk., 4ra herb.
OPIÐ HÚS MIÐ 7/10 KL. 17:00-17:30.

Ca. 92 fm. falleg 4ra herbergja íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Gott verð 33,9 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 7. október kl. 17:00-17:30, verið velkomin.

Sóleyjargata einbýlishús
MEÐ 10 SVEFNHERBERGJUM.

Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað í 101 Reykjavík. Arkitektinn Sigurður Guðmundsson teiknaði húsið fyrir Thor Thors 1933 en, það var endurnýjað 2014. Lóðin er 760 fm. eignarlóð. Í húsinu eru 10 svefnherbergi og eru 5 þeirra með sérbaðherbergjum með walk in sturtu. Húsið er skráð 358,4 fm. **Verð kr. 225.000.000.-**
Bókið skoðun: fold@fold.is.

Greniteigur 4, 230 Reykjanesbæ,
EINBÝLI M/AUKAÍBÚÐ.

Vel skipulagt 120 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk 36,5 fm íbúðarskúrs. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, borðstofu, 2 baðherbergi, eldhús, þvottahús og íbúðarskúr. Húsið er einstaklega vel staðsett á rólegum og fjölskylduvænum stað í Reykjanesbæ. Stutt er í verslanir, leikskóla, skóla og íþróttasvæði.
Verð 54 millj. Pantið tíma fyrir skoðun, 552-1400 / fold@fold.is.

Dynjandisvegur, 801 Selfoss,
HEILSÁRSHÚS NÁLÆGT SKÁLHOLTI.

Dynjandisvegur 23. Rúmlega 100 fm nýlegt heilsárshús á frábærum stað, nálægt Skálholti og Reykholti í Bláskógabyggð. Í húsinu eru þrjú góð svefnherbergi auk óskráðs svefnrýmis í risi. Hitaveita og heitur pottur. Húsið stendur hátt með miklu útsýni yfir Brúará og til fjalla. Vönduð eign á frábærum stað.
Verð 39,9 millj. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Naustavör – Bryggjuhverfið í vesturbæ Kópavogs
Nýjar og glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Sóleyjargata. Heil húseign í hjarta miðborgarinnar.

- Glæsileg rúmlega 300,0 fm. heil húseign. Eignin stendur á 666,2 fm. eignarlóð. Eignin er að bruttóflatarmáli 302,8 fm. og er innréttuð sem þrjár íbúðir auk skrifstofuhæðar.
- Í dag er eignin innréttuð þannig að í kjallara er 3ja - 4ra herbergja íbúð með sérinngangi. Á 1. hæð er 3ja herbergja íbúð með sérinngangi, en einnig er innangengt í hana úr stigahúsi. Á 2. hæð eru innréttaðar skrifstofur og á rishæð er íbúðarrými, en gengið er upp á rishæð úr skrifstofurými á 2. hæð hússins.
- Lóðin er með stórri tryfðri flöt til vesturs, fallegum trjágróðri og er afgirt að hluta. Ekki er útilokað að leyfi fengist fyrir byggingu bílskúrs þar sem bílskúr er við flest önnur hús í götunni.

Verð 155,0 millj.

Freyjugata. Heil húseign.

- Afar vel staðsett um 320,0 fm. einbýlishús, jarðhæð, efri hæð og ris við Freyjugötu 47 í Reykjavík auk 63,0 fm. bílskúrs. Rishæð hússins, sem byggð var síðar, er ekki skráð í Fasteignaskrá en fyrir liggja samþykktar teikningar vegna hennar.
- Sér 3ja herbergja íbúð er á jarðhæð hússins. Risloft er óinnréttað og með góðum gluggum til allra átta og útgengi á svalir til suðurs með frábæru útsýni. Risloftið er mjög vel manngengt að stórum hluta.
- Eignin stendur á rólegum og eftirsóttum stað á 620,0 fm. eignarlóð sem er ræktuð með steyptum veggjum í kring að hluta, steyptri innkeyrslu og hellulögðum stéttum.

Verð 159,0 millj.

Klettagarðar 4

- Klettagarðar 4 er byggt verkstæðishús, söluskrifstofa og starfsmannaaðstaða fyrir ferðaþjónustufyrirtækið Allrahanda.
- Verkstæðishúsnæðið er á einni hæð en starfsmannaaðstaða og skrifstofur eru á tveimur hæðum í suðvestur enda byggingarinnar.
- Eignin er samtals 2.048,2 m² að gólffleti og er byggt úr forsteyptum einingum og með límtrésþaki. Öll milligólf hússins eru steinsteypt og milliveggir eru ýmist steyptir og eða léttir gifsklæddir grindarveggir.

Eignin stendur á afgirtri, fullfrágenginni og malbikaðri 8.604,0 fermetra leigulóð þar sem er mjög gott athafnasvæði og mögulegur viðbótarbyggingarréttur.

Lundur 22 – Kópavogi. Íbúðir á skjólsælum stað austast í Lundi.

- **Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á 1. og 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.**
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnás ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar). Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu des 2020.

Vogatunga 11 – Kópavogi. Endaraðhús – 60 ára og eldri



- Til sölu eitt af þessum eftirsóttu raðhúsum sem ætluð eru fyrir 60 ára og eldri, en þó hafa fengist undanþágur frá kvöð um aldur kaupenda fyrir aðila sem eru að nálgast 60 ára aldur.
- Vel skipulagt og mikið endurnýjað 73,5 fm. með gluggum í þrjár áttir og útgengi á skjólsæla hellulagða verönd og lóð til suðurs með útsýni til sjávar.
- Parket hefur verið endurnýjað nýlega sem og baðherbergi, eldhúsinnrétting og tæki og gólfefni í þvottaherbergi. Húsið er nýlega málað hið innra.
- Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 52,9 millj.

Trönuhólar. Einbýlishús með aukaíbúð.

- 328,8 fm. einbýlishús að meðt. 51,0 fm. bílskúr og 51,0 fm. 2ja herbergja íbúð á neðri hæð, með sérinngangi. Húsið stendur innst í götu á glæsilegum útsýnisstað. Stórar svalir til suðurs og austurs. Mikil lofthæð er yfir hluta efri hæðar.
- 4 herbergi eru á aðalhæð en gætu verið 5 þar sem eitt herbergið var stækkað á kostnað annars. Auk þess er möguleiki á að bæta við 3 svefnherbergjum í kjallara með því að lækka lóðina og koma fyrir gluggum á vesturhlið hússins (ofan hús).
- Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum árin.
- Lóðin er 994,0 fm. að stærð, vel hirt og falleg. Steypt plan er fyrir framan hús við bílskúr. Hellulögð stétt að aðalinngangi með snjóbræðslu.

Verð 99,0 millj.

Hverafold. Vel staðsett og glæsilegt einbýlishús.



- Vandað 260,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á virkilega glæsilegri 808,0 fm. lóð neðst við sjóinn í Hverafold í Grafarvogi. Einstakt útsýni yfir sjóinn.
- Mjög mikil lofthæð í stórum hluta eignarinnar. Gólfhiti er í stórum hluta hússins. Eyja í eldhúsi var sett upp árið 2013 og sama ár var skipt um tæki í eldhúsi.
- Fjögur mjög rúmgóð svefnherbergi og möguleiki á að hafa þau fimm. Arinn á milli setustofu og sjónvarpsstofu á neðri hæð og annar arinn á efri hæð hússins. Stórt og bjart eldhús og 2 baðherbergi.
- Baklóð hússins er með mjög skjólsælli viðarverönd til suðurs, heitum potti, steyptum veggjum,

Verð 124,9 millj.

Leifsgata 9. Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herbergja íbúð og studióíbúð.



- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 67,9 millj.

Vesturgata 3. 2ja – 3ja herbergja íbúð/skrifstofuhæð.

- Virkilega glæsileg 2ja - 3ja herbergja íbúð / skrifstofuhæð með sérinngangi í mjög fallegu og sögufrægu húsi við Vesturgötu 3 í Reykjavík.
- Eignin hefur verið nýtt undir skrifstofur undanfarnin ár, en er í grunninn skráð sem íbúðarhúsnæði.
- Eignin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. árum. Raflagnir og tafla eru nýleg sem og ofnalagnir auk þess sem pottofnar hafa verið sandblásnir og yfirfarnir. Eldhúsinnrétting er ný. Gólfefni eru nýr linoleumdúkur og yfirfarin og uppgerð mjög falleg furugólfborð.
- Húsið að utan er klætt með viði.

Verð 49,9 millj.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari uppl. um bygg. á www.105midborg.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Stuðlaborg er sérstaklega vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum

- Stærðir íbúða frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Hljóðgólf í öllum íbúðum, sérstakalega einangrandi veggir og gler
- Allar íbúðir að fullu loftræstar (inn og út)

Afhending 2020

Nýtt hverfi í Laugarnesinu

- 2ja til 5 herbergja íbúðir
- Vandaðar íbúðir á frábæru verði
- Lyftuhús á 6 hæðum

Afhending 2020

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur við **sölumenn okkar!**

105 MIÐBORG
Íslandssjóðir
ÍAV

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Ásgrímur Ásmunds
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120
asi@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugs
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

Perlukór 1c
203 Kópavogur

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jórunni í síma **845 8958**





Glæsileg 3ja herb íbúð á 1. hæð stærð 95,5 fm

- Sérinngangur
- Fallegar stofur, með útgengt út á pall
- Sérafnotaréttur
- Þvottahús innan íbúðar
- Baðhverbergi m glugga og góðri snyrtiaðstöðu
- Barnvænt hverfi

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **47,9 millj.**

Asparhvarf 16
203 Kópavogur

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Þórunni í síma **773 6000**





Einstaklega glæsilegt 240 fm parhús með útsýni yfir Elliðavatn

- Vegleg stofa með tvöfaldri lofthæð og háum glugga
- Hjónasvíta, tvö góð svefnherbergi og sjónvarpsh./svefnherbergi
- Tvö baðherbergi og snyrting
- Gólfhiti, innfelld lýsing
- Vandaðar og stílhreinar innréttingar
- 25,6 fm flísalagður bílskúr með geymslu inn af

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **110 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000
www.miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 7. okt. kl. 17:30 - 18

PANTIÐ SKOÐUN hjá Jórunni í síma 845 8958



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Vindakór 9-11 (103)

203 Kópavogur

Virkilega falleg, björt 113,1 fm 4.herbergja íbúð á jarðhæð

- 3 Svefnherbergi
- Sérinngangur í lyftuhúsi
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Einstök staðsetning innan hverfis þar sem leikskóli, grunnskóli, íþróttamiðstöðin Kórinn, Salalaug og verslun

Verð: **55,9 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Kjartani í síma: 663 4392



Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181
gh@miklaborg.is

Stórihjalli 17

200 Kópavogur

Fallegt 275,9 fm endaraðhús á 2 hæðum á einstaklega fallegum útsýnisstað

- 5 svefnherbergi
- Tvöfaldur bílskúr
- Gróinn skjólsæll garður með sólpalli til suðurs
- Fallegt útsýni
- Frábær staðsetning

Verð: **93,9 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Þórhalli í síma 896 8232





Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Öldugata 14

101 Reykjavík

Sérlega fallegt 482 fm hús á horni Öldugötu og Ægisgötu

- Tvær íbúðir eru í húsinu í dag
- Vel byggt steinteypt með mikla möguleika
- Vel byggt steinteypt hús sem stendur á 500 fm eignarlóð
- Frábær staðsetning í hjarta miðbæjarins

Verð: **Tilboð**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 6. okt. kl. 17:15 - 18

PANTIÐ SKOÐUN hjá Ásgrími í síma 865 4120

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120
asi@miklaborg.is

Langalína 18

210 Garðabær

Glæsileg 148 fm 4 herb. íbúð á þriðju og efstu hæð í fjölbýli

- 23 fm bílskúr sem innangengt er í frá sameign
- Frábært útsýni til sjávar í átt að Esju
- Aukin lofthæð í stofu og eldhúsi
- Þvottaherbergi innan íbúðar

Verð: **84,9 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Jórunni í síma 845 8958

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Njálsgata 12

101 Reykjavík

Stórglæsileg efri hæð 94,9 fm Ris byggt ofá árið 2015

- Þrjú svefnherbergi
- Tvennar svalir til suðurs
- Nýtt glæsilegt eldhús og bað
- Fallegt flæði í stofu og eldhús rýmum
- Sér þvottahús með glugga
- Sér geymsla í kjallara

Verð: **59,9 millj.**

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 6. okt. kl. 17:30 - 18:15

PANTIÐ SKOÐUN hjá Svan í síma 697 9300



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Kaplaskjólsvegur 51

107 Reykjavík

Mjög vel staðsett 3-4 herb endaíbúð á 4. hæð + ris

- Íbúðin sjálf er 82,9 fm og óskráð rými í risi er 46,8 fm samtals 129,7 fm
- Óinnréttuða risið gefur góða möguleika á 1-2 auka herbergjum
- Flott útsýni er frá íbúðinni þar á meðal yfir KR völlinn

Verð: **45,7 millj.**

Sogavegur 73 - 77

108 Reykjavík

INNRÉTTUÐ SÝNINGARÍBÚÐ
Bókið skoðun

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag og fimmtudag kl. 17:00 - 17:30

Nýjar og vandaðar íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi

- Stæði í bílageymslu
- Bílskúrar fylgja stærri íbúðum
- Margar íbúðir með sérinngangi
- Afhent okt 2020

Verð frá: **39,9 millj.**

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáið nánari upplýsingar:

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
